



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2012-2013

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Sumarönn 2012	3
Haustönn 2012	4
Vorönn 2013	5
Sumarönn 2013	6
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum	7
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	7
Fjöldi umsækjenda eftir önnum	8
Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda....	8
Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.....	8
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum	9
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	9
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	9
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	10
Ársmendur fjarnáms.....	10
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	11
Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum.	11
Fjarnámsgjöld	12
Fjarnámspróf.....	12
Einkunnir fyrir fjarnámspróf.....	12
Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda á sumarönn 2013.	13
Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sex önnum 2006 og 2007.	14
Mynd 9. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sumarönn 2013.	14
Námskeið, fyrirlestrar og gagnasmiðja	15
Lokaorð	15
Viðauki.....	16
Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2013.....	16

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2012-2013. Sérstaklega verður fjallað um einkunnadreifingu á sumarönn 2013 og hún borin saman við tölur frá árunum 2006 og 2007.

Sumarönn 2012

Á sumarönn 2012 voru 113 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 84 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 11 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á sumar- eða haustönn 2012, eða vegna áframhaldandi náms. Einn *hulduáfangi* var kenndir fyrir nemanda sem þurfti nauðsynlega að taka þann áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar á sumarönn 2012. Áfangar á sumarönn 2012 voru því alls 96.

Fjarkennarar á sumarönn voru 49, þar af var einn að fjarkenna í fyrsta sinn.

Á sumarönn 2012 voru 572 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2012 var 156 færri en á sumarönn 2011. Fækkunin á milli ára var rúm 20%
- Af 572 nemendum sumarannar 2012 voru 112 (19,6%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 460 (80,4%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2011 voru 140 (19,2%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er þetta hlutfall því álíka á milli þessara ára.
- Af þessum 572 nemendum voru konur 321 (56,1%) og karlar 251 (43,9%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2011 voru 61,7% konur og 38,3% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2012 var 21,7 ár, en það var lítið eitt lægri meðalaldur en á sumarönn 2011 (21,0 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2012 voru nemendur fæddir 1993, en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Árgangur 1992 var fjölmennastur á sumarönn 2011, en þeir nemendur höfðu þá einnig nýlokið við þriðja ár í framhaldsskóla. Næst fjölmennasti árgangurinn á báðum þessum önnum hafði væntanlega ný lokið við annað ár í framhaldsskóla, þriðji fjölmennasti árgangurinn á báðum önnum hafði væntanlega lokið fyrsta ári í framhaldsskóla og fjórði fjölmennasti árgangurinn væntanlega verið fjögur ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi rúmar 5,24 einingar á sumarönn 2012, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2010 var einnig 5,24 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2012 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur á sumarönn 2012 voru skráðir í 2997 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 2184 einingar en það gera 72,9% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 62,4 ársnemendur. Á sumarönn 2011 skiluðu 73,6% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 80,2 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Haustönn 2012

Á haustönn 2012 voru 126 áfangar í boði en aðeins kenndir 107 áfangar. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 4 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á haustönn 2012 eða vorönn 2013, eða vegna áframhaldandi náms. Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á haustönn 2012 voru því alls 113.

Fjarkennarar voru 50 þessa önnina, 49 gamalreyndir kennarar og 1 var nýliði í hópnum.

Á haustönn 2012 voru 574 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Að fjöldi nemenda á haustönn 2012 er 52 fleiri en á haustönn 2011 og fjölgaði nemendum því um tæp 10% á milli þessara ára.
- Af 574 nemendum haustannar 2012 voru 70 (12,3%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 504 (87,7%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2011 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 62 (11,9%), sem er hlutfallslega sami fjöldi á báðum önnum.
- Af 574 nemendum haustannar 2012 voru 62 (10,9%) nemendur grunnskóla, sami fjöldi grunnskólanemenda var í fjarnámi á haustönn 2011 en hlutfall þeirra var þá 12,0% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 574 nemendum voru konur 342 (59,6%) og karlar 232 (40,4%) en á haustönn 2011 voru samsvarandi gildi mjög sambærileg eða 59,8% og 40,2%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2012 var 21,5 ár, en á haustönn 2011 var þessi tala 22,2 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2012 voru nemendur fæddir 1993, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta haustið. Haustið 2011 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1992) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,35 einingar á haustönn 2012, en sambærileg tala fyrir haustönn 2011 var 5,70.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2012 á heimasíðu skólans².

¹Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2012 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2012. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

Nemendur haustannar 2012 voru skráðir í 3071 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2126 einingar en það voru 69,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 60,7 ársnemendur. Á haustönn 2011 skiluðu 71,5% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 60,8 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Vorönn 2013

Á vorönn 2013 voru 126 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru aðeins 101 áfangar kenndir. Að auki voru kenndir 16 áfangar, en kennarar höfðu þá ákveðið að kenna frekar fámenna áfanga og fá skert laun fyrir, en að fella þá úr kennslu alfarið.

Fjórir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á vorönn 2013 voru því alls 121.

Fjarkennarar á vorönn 2013 voru 52, allt gamalreyndir og dugandi fjarkennarar.

Á vorönn 2013 voru 641 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2013 var 14 nemendum fleiri en á vorönn 2012, þetta er 2,2% fjölgun á milli ára.
- Af 641 nemendum vorannar 2013 voru 157 (24,5%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 484 (75,5%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er örlítið lægra en á vorönninni á undan.
- Af 641 nemendum vorannar 2013 voru 50 (7,8%) nemendur grunnskóla, en á haustönn 2012 voru sambærilegar tölur 38 (6,2%).
- Af 641 nemendum vorannar 2013 voru konur 387 (60,4,8%) og karlar 254 (39,6%) en á vorönn 2012 var hlutfall kvenna 61,8% og karla 38,2%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2013 var 22,7 ár, en það er nánast sami meðalaldurinn og á vorönninni á undan (22,5 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2013 voru nemendur fæddir 1994, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Næst fjölmennasti árgangurinn á vorönn 2013 voru nemendur fæddir 1993 en þeir voru þá væntanlega á fjórða ári þá önnina. Vorið 2012 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1992) fjölmennasti árgangurinn, en nemendur ári yngri voru næstfjölmennastir.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,35 einingar á vorönn 2013, en sambærileg tala fyrir vorönn 2012 var 5,52.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2013 á heimasíðu skólans ³.

²Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2012 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/haust_2012. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

³Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2013 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2013. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

Nemendur vorannar 2013 voru skráðir í 3429 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2408 einingar en það voru 70,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 68,8ársnemendur. Af þessum tölum átti MTR 66 einingar, en skólarnir gerðu samkomulag á milli sín í upphafi árs 2012 þess efnis að VÍ kenndi nemendum en MTR borgaði fyrir og teldi þá til sinna ársnemenda. Á vorönn 2011 skiluðu 71,8% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 80,4 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Sumarönn 2013

Á sumarönn 2013 voru 113 áfanga í boði og 111 áfanga kenndir. Enginn sótti um nám í einum áfanga og því var hann ekki kenndur. Ef þrír eða fleiri nemendur völdu áfanga, þá var greitt fyrir hann að fullu. Ef færri en þrír völdu áfanga var greitt kennslugjald og prófgjald fyrir hann en fastagjaldsgreiðslan felld niður. Átján áfanga féllu í síðast talda flokkinn.

Einn *hulduáfangi* var kenndir fyrir nemanda sem þurfti nauðsynlega að taka þann áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar á sumarönn 2013. Áfanga á sumarönn 2013 voru því alls 112.

Fjarkennarar á sumarönn voru 50, allt þrautreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2013 voru 698 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2013 var 126 fleiri en á sumarönn 2012. Fjölgunin á milli ára var rúm 20%
- Af 698 nemendum sumarannar 2013 voru 155 (22,2%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 543 (77,8%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2012 voru 112 (19,6%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og hefur þetta hlutfall hækkað aðeins á milli ára.
- Af þessum 698 nemendum voru konur 387 (55,4%) og karlar 311 (44,6%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2012 voru 56,1% konur og 43,9% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2013 var 21,0 ár, en það var lítið eitt hærra meðalaldur en á sumarönn 2012 (21,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2013 voru nemendur fæddir 1995, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Árgangur 1993 var fjölmennastur á sumarönn 2012, en þeir nemendur höfðu þá nýlokið við þriðja ár í framhaldsskóla. Næst fjölmennasti árgangurinn á sumarönn 2013 voru nemendur fæddir 1994 en það eru nemendur sem þá höfðu væntanlega nýlokið þriðja ári í framhaldsskóla. Þriðji fjölmennasti árgangurinn á báðum önnum hafði væntanlega lokið fyrsta ári í framhaldsskóla og fjórði fjölmennasti árgangurinn væntanlega verið fjögur ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi rúmar 5,0 einingar á sumarönn 2013, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2012 var 5,24 einingar.


Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2013 á heimasíðu skólans⁴.

Nemendur á sumarönn 2013 voru skráðir í 3493 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 2524 einingar en það gera 72,3% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 72,1 ársnemendur. Á sumarönn 2012 skiluðu 72,9% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 71,8 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft.

Ef bornar eru saman allar sumarannir sést hvernig fjöldinn stígur frá sumarönn 2006 til sumarannar 2009, en fellur svo á sumarönn 2010, 2011 og 2012. Viðsnúningur verður hins vegar ef sumarönn 2013 er skoðuð, því þá verður fjölgun á fjölda fjarnemenda í fyrsta sinn. Þetta sama má segja um haustannir, fjöldi nemenda á önn vex frá og með haustönn 2006 til og með haustönn 2009 en fellur svo umtalsvert á haustönn 2010 enda var þá beitt mjög harkalegum niðurskurði. Fjöldi fjarnemenda á haustönn 2011 vex nokkuð frá því árið á undan og það sama má segja um fjöldann á haustönn 2012, en hann nær hvergi nærri þeim fjölda sem hann var á haustönn 2009. Fjöldi nemenda á vorönnum eykst frá vorönn 2007 og fram á vorönn 2010, en fellur á vorönn 2011 og enn meira á vorönn 2012. Á vorönn 2012 eykst fjöldinn lítilsháttar miðað við vorönnina á undan. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 2 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda eftir önnum.

⁴Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2013 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2013. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.


Fjöldi umsækjenda eftir önnum

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Sjá töflu 1.

Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/Umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang
H-10	773	311	0,40	462
V-11	818	721	0,88	98
S-11	808	728	0,90	80
H-11	577	522	0,90	55
V-12	714	627	0,88	87
S-12	643	572	0,89	71
H-12	619	574	0,93	45
V-13	689	641	0,93	48
S-13	773	698	0,90	75

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.

Athyglisvert er að eftir haustönn 2010 fækkar umsækjendum eftir önnum árin 2011 og 2012, en þetta breytist á haustönn 2012 og sumarönn 2013: Umsækjendur eru 773 á haustönn 2010, 577 á haustönn 2011, en 619 á haustönn 2012. Á vorönn 2011 eru 818 umsækjendur, 714 á vorönn 2012 og 689 á vorönn 2013. Á sumarönn 2011 eru umsækjendur 808, 643 á sumarönn 2012 en 773 á sumarönn 2013. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.

Svo virðist sem fjöldi umsækjenda sé að vaxa og verður spennandi að sjá hver staðan verður á haustönn 2013.

Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2013. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2013 (5,0). Sjá mynd 3 og töflu 2 í viðauka.




Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við fyrri annir.

Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar er mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning er þó haustönn 2012 með rúmlega 69% mætingu. Mætingin í próf á vorönn 2012 var tæplega 75%. Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er einungis 66%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.


Ársemendur fjarnáms

Ársemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver ársemendi taki 35 einingar á ári. Ársemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór ársemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór ársemendafjöldinn á önn yfir 100 í fyrsta og eina skiptið (hingað til) í sögu fjarnáms Verzlunarskólans. Á sumarönn 2010 fór svo ársemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010. Árið 2011 var ársemendafjöldinn rúmlega 80 á vor- og sumarönnim en aðeins um 60 á haustönn. Á vorönn 2012 var ársemendafjöldinn aðeins 74,1 en um 60 á sumar- og haustönnum. Á vor- og sumarönnum 2013 var ársemendafjöldinn um 70 og hafði hann þá aukist frá árinu á undan. Vonandi er það vísbending um það sem koma skal. Þetta kemur vel fram á mynd 5. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi ársnemenda tæplega 200 og það sem af er árinu 2013 er hann rúmlega 140. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum.

Haustönn 2013 þyrfti að gefa af sér 60 ársnemendur til að skila svipuðum fjölda og árið 2012 gerði. Miðað við að 90% umsækjenda fái aðgang, 70% mætingu í próf og að hver fjarnemandi taki um 5,0 einingar á önn, þýðir það um 700 umsækjendur.

Fjarnámsgjöld

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan á vorönn 2011.

Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.


Fjarnámspróf

Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 30% próf skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau haldin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingarsetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri metur traustan.

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á sumarönn 2013 eru skoðaðar kemur í ljós að meðaltal þeirra er 5,56. Miðgildið er 6 og tíðasta gildið er 7. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 7.




Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda á sumarönn 2013.

Samkvæmt þessu, þá eru 68,3% lokaeinkunna stærri eða jafnt og 5 og 31,7% með falleinkunn. Þar sem 72,3% mæting var í próf þessa önnina, þá lýkur rétt um helmingur af öllum áföngum sumarannar með stöðnum einingum, hinn helmingurinn mætir annað hvort ekki í próf eða fær einkunnir 1, 2, 3 eða 4.


Samskonar úttekt var gerð á einkunum fjarnemenda árin 2006 og 2007 og þær upplýsingar birtar í fyrirlestri á ráðstefnu 3f í Háskólanum í Reykjavík þann 17. október 2008⁵. Ef lokaeinkunnir fyrir þessa áfanga eru skoðaðar kemur í ljós að rúm 10% þeirra fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önnum 2006 og 2007 eru 67,6% prófa með einkunnir hærri eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Sjá mynd 8.

⁵ Sjá <http://radstefna.wikifoundry.com/page/Gl%c3%a6rur+fr%c3%a1+fyrirlesurum>



Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sex önnum 2006 og 2007.

Tölur frá árunum 2006 og 2007 eru gefnar upp í prósentum og til samanburðar við þær birtist á mynd 9 einkunnir fjarnemenda á sumarönn 2013 í prósentum.



Mynd 9. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sumarönn 2013.

Þegar myndir 8 og 9 eru bornar saman kemur í ljós að tíðasta gildi á tímabilinu 2006 til 2007 er einkunn 5, en það er einkunn 7 á sumarönn 2013. Fjöldi þeirra prófa sem lauk með einkunn 5 og hærrí á tímabilinu 2006 og 2007 er 67,6%, en sama tala er 68,3% á sumarönn 2013. Það vekur athygli að þetta er nánast sama talan. Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2 prósent prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2013 er 49,4%. Þetta er

tæplega 17% aukning á staðnum einingum sem fæst út úr sumarönn 2013 miðað við sex annir árunna 2006 og 2007.

Námskeið, fyrirlestrar og gagnasmiðja

Þann 9. október 2012 stóð fjarnámsstjóri fyrir námskeiði um Moodle fyrir kennara skólans. Þann 30. október 2012 var fjarnámsstjóri með örnámskeið fyrir kennara hér í skólanum um Livescribe penna og forritið Turnitin. Þann 20. maí tók fjarnámsstjóri þátt í námskeiðum á vegum skólans um Moodle.

Sérstakur fjarnámsfundur var haldinn 4. september 2012 og allir starfsmenn boðaðið. Þar flutti Heiðar Snær Jónsson, stúdent frá Verzlunarskólanum fyrirlestur sem hann nefndi: „Fjarnám séð með augum fjarnemandans“. Fjarnámsstjóri flutti þar fyrirlesturinn „Fjarnám séð með augum fjarnámsstjóra“

Á skólaárinu 2012 til 2013 hefur áfram verið unnið að því að bæta námsefni í Gagnasmiðju fjarnámsins. Fyrir utan leiðbeiningar um Moodle, eru þar leiðbeiningar um notkun Livescribe pennans, forritið Turnitin, gerð hljóðglæra og fleira.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 8 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Eðli sínu samkvæmt er fjarkennsla þó ekki áberandi í daglegri starfsemi skólans, hún fer að mestu fram á vinnuherbergjum eða heimilum þar sem fjarkennarinn situr einn við tölvu og sinnir sínum nemendum. Aðrir starfsmenn skólans verða ekki svo mjög varir við þessa starfsemi, nema þá helst á prófatímanum þegar fjarnemendur flykkjast í skólann okkar til að taka prófin sín. Á þeim tíma er mikilvægt að virkja sem flesta starfsmenn skólans til að prófatörnin gangi eins hnökralaust fyrir sig og kostur er.

Skólastarf snýst um kennslu, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðbundna kennslu. Allir starfsmenn skóla þurfa að leggja sitt af mörkum til að sú starfsemi gangi eins vel og kostur er. Öflugt skólastarf byggir á öflugri liðsheild, það á við um fjarkennslu eins og aðra kennslu.

Reykjavík í tvímánuði 2013
Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls fjarnám 06	1918	5,43	10406	6941	198,3	66,7
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls fjarnám 07	2103	5,62	11829	6690	191,9	56,56
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
Alls fjarnám 08	2340	5,78	13531	8255	235,9	61,01
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
Alls fjarnám 09	2774	6,00	16642	9985	285,3	60,00
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
Alls fjarnám 10	2120	5,57	11803	7804	223,0	66,12
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2976	2129	60,8	71,5
Alls fjarnám 11	1971	5,44	10715	7751	221,5	72,34
V12	627	5,52	3464	2592	74,1	74,8
S12	572	5,24	2997	2184	62,4	72,9
H12	574	5,35	3071	2126	60,7	69,2
Alls fjarnám 12	1773	5,38	9532	6902	197,2	72,41
V13	641	5,35	3429	2408	68,8	70,2
S13	698	5,00	3493	2524	72,1	72,3

Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2013

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.